



Erlendur Gíslason

hrl

HLUTVERK OG ÁBYRGÐ BYGGINGARSTJÓRA

1	INNANGUR	12
2	RÉTTARHEIMILDIR BYGGINGARSTJÓRA	12
3	SKIPUN BYGGINGARSTJÓRA OG HÆFNISKRÖFUR	12
4	HLUTVERK OG ÁBYRGÐ BYGGINGARSTJÓRA	13
5	FYRNING KRAFNA Á HENDUR BYGGINGARSTJÓRA	13
6	STARFSÁBYRGÐARTRYGGING BYGGINGARSTJÓRA	14

I. INNANGUR

Um stöðu byggingarstjóra hafa verið ákvæði í byggingalögum allt frá árinu 1978. Frá setningu núgildandi skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 hefur verið skylt að skipa byggingarstjóra yfir öllum byggingarframkvæmdum. Ötvírátt er um að ræða mjög mikilvægt hlutverk í verklegum framkvæmdum og mikil ábyrgð er lögð á herðar þeim einstaklingum, sem taka að sér byggingarstjórn. Meginumfjöllunarefni þessarar greinar er ábyrgð byggingarstjóra. Í settum lögum er aðeins að finna takmörkuð ákvæði um ábyrgðina og verður hér leitast

við að svara spurningum um hvers eðlis ábyrgðin sé og hvert sé umfang hennar (kaflí 4), en takmarkaðra heimilda gætir um þetta í dómaframkvæmd og fræðiumfjöllun. Þá verður velt upp álitaeftum um fyrningu krafna á hendur byggingarstjóra (kaflí 5). Loks verður vikið að reglum um skyldubundna starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra og kannað hvort gildissvið tryggingarinnar samræmist ábyrgð byggingarstjóra (kaflí 6). Áður en tekist verður á við þessi þrjú meginefni greinarinnar verður gerð stuttlega grein fyrir réttarheimildum um stöðu byggingarstjórans og reglum um skipun hans og hæfniskröfur (kaflar 2 og 3).

2. RÉTTARHEIMILDIR UM BYGGINGARSTJÓRA

Helstu réttarheimildina um byggingarstjóra er að finna í IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 (SBL), einkum í 51. grein laganna, en þar er kveðið á um að við stjórn hvers mannvirkis skuli vera byggingarstjóri, talið upp hverjir geti orðið byggingarstjórar svo og fjallað um hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra.

Ákvæði 1. mgr. 51. gr. SBL fól í sér nýmæli á sínum tíma að því leyti að þar var í fyrsta sinn kveðið á um að skylt væri að hafa byggingarstjóra við stjórn hvers mannvirkis, en áður hafði gilt ákvæði 16. gr. byggingalaga nr. 54/1978, þar sem sagði að „[h]eimilt [væri] við gerð hvers mannvirkis að hafa einn ábyrgan aðila, sem nefnist byggingarstjóri“. Í athugasemdum með frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga, sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi 1996-1997,¹ sagði:

Hertar eru til muna reglur um byggingarstjórn og sett það skilyrði að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ábyrgur aðili, sem nefnist byggingarstjóri, en um það er aðeins heimildarákvæði í gildandi lögum.

Markmiðið með þeirri breytingu að gera skipan byggingarstjóra skyldubundna var að einfalda ábyrgðarreglur SBL þannig að ávallt væri fyrir hendi einn fagaðili, sem væri ábyrgur gagnvart eiganda mannvirkis og byggingaryfirvöldum fyrir því að rétt væri staðið að byggingu mannvirkis í alla staði af hálfu allra iðnmeistara, sem að byggingunni kæmu. Áður var það ýmist byggingarstjóri, ef hann hafði verið skipaður, eða einhver þeirra iðnmeistara, sem að byggingunni stóðu, sem voru ábyrgir. Á eiganda mannvirkis hvíldi sönnunarbyrðin um það hjá hvaða

iðnmeistara ábyrgðin lægi. Eftir breytinguna er ekki nauðsynlegt að eigandi mannvirkis sanni hjá hvaða iðnmeistara ábyrgð liggir heldur á hann ávallt kröfu á byggingarstjóra, en jafnframt á eigandinn kost á að hafa samhliða uppi kröfu á hendum iðnmeistara.

3. SKIPUN BYGGINGARSTJÓRA

Í 51. gr. SBL kemur fram að byggingarstjóri skuli vera við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis. Þar kemur hins vegar ekki fram hver skuli hlutast til um að byggingarstjórinn sé skipaður. Þrátt fyrir það er ljóst, að skyldan til að skipa byggingarstjóra hvílir á eiganda mannvirkis og þeim sem í nafni eigandans stendur fyrir viðkomandi framkvæmdum, þ.e. þeim aðila sem er bær um að leita leyfis byggingaryfirvalda fyrir framkvæmdunum. Þrátt fyrir að skyldan til að tryggja að byggingarstjóri sé fenginn að tiltekinni framkvæmd hvíli þannig hjá eiganda mannvirkis, er það engu að síður algengast í framkvæmd, að byggingarstjórinn „tilheyri“ verktaka, þ.e. að hann sé annað hvort verktakinn sjálfur, fyrirsvarsmaður eða starfsmaður hans eða með einhverju öðru móti á vegum verktakans en ekki á vegum verkkaupans eða eiganda mannvirkisins.

Ákvæði 51. gr. SBL mælir fyrir um ófrávikjanlega skyldu til að skipa byggingarstjóra og er engum undanþágum frá þeirri skyldu til að dreifa í lögnum eða öðrum lögum. Sé ráðist í byggingarleyfis skyldar framkvæmdir að fengnu byggingarleyfi, en án þess að skipaður hafi verið byggingarstjóri, jafngildir það því að um sé að ræða framkvæmdir án leyfis, sem byggingaryfirvöldum er bæði rétt og skylt að stöðva með þeim úrræðum, sem SBL mæla fyrir um, sbr. VI. kafli SBL (*Þvingunarúrræði og viðurlög*). Byggingarleyfi, sem veitt hefur verið í byggingarnefnd, er því í eðli sínu skilyrt leyfi, þ.e. háð skilyrði

¹ Sjá hér frumvarp til laga nr. 54/1978, www.althingi.is

um að áður en framkvæmdir séu hafnar skuli byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína og tilkynna byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara, sbr. 3. mgr. 44. gr. SBL.

Aðeins þeir sérfræðingar, sem upp eru taldir í 2. mgr. 51. gr. SBL, uppfylla almenn hæfisskilyrði til að vera byggingarstjórar. Sérfræðiþekking þeirra hefur samkvæmt almennum sjónarmiðum um sérfræðingaábyrgð í skaðabótarétti áhrif á mat á ábyrgð þessara aðila, þannig að störf þeirra eru háð ströngu sakarmati, svo sem nánar verður vikið að síðar.

4. HLUTVERK OG ÁBYRGÐ BYGGINGARSTJÓRA

Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. SBL er byggingarstjóri framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Í því felst, að á byggingarstað er byggingarstjórinn æðsti yfirmaður framkvæmda. Byggingarstjórinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna við val á iðnmeisturum, sem koma til með að starfa við verk. Hann ræður iðnmeistara og segir þeim upp eftir atvikum, allt með samþykki eiganda, eða samþykkir iðnmeistara sem eigandi ræður til verks. Þá ber byggingarstjóra að sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum ef iðnmeistari hættir umsjón með framkvæmdum. Þær ákvarðanir sem byggingarstjóri tekur við ráðningu eða brottvikningu iðnmeistara tekur hann í umboði og á ábyrgð eiganda mannvirkis eða framkvæmda og er þar um að ræða lögakveðið umboð á grundvelli 3. mgr. 51. gr. SBL, sem telst vera stöðuumboð í skilningi 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Á umboð byggingarstjóra reyndi í hæstaréttardómi uppkveðnum 20. nóvember 2003 í máli Global hf. gegn Smáhúsum ehf. nr. 183/2003:

Í málinu krafði S G um greiðslu skuldar samkvæmt reikningi vegna verka sem S vann

við smíði húss G. G tók til varna og vísaði til þess að ekkert samningssamband hefði komist á milli þeirra, heldur hafi verktakinn T ráðið S sem undirverktaka. G yrði ekki gerður ábyrgur fyrir efndum T við undirverktaka. G var talinn bera sönnunarbyrði fyrir því að T hafi verið verktaki alls verksins við að reisa umrætt hús og að fyrirsvarsaður T, sem jafnframt var byggingarstjóri framkvæmdanna, hafi ráðið S til verksins sem undirverktaka T. Þótti G ekki hafa tekist sú sönnun og var því lagt til grundvallar að fyrirsvarsaður T hafi sem byggingarstjóri ráðið S til verksins í þágu G, eiganda framkvæmdanna, samkvæmt umboði eftir 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Hafði því stofnast til samningssambands milli G og S og voru kröfur S á hendur G teknar til greina. Hæstiréttur leit svo á, að hefði T verið verktaki að öllu verkinu hefði verið eðlilegt að lita svo á að byggingarstjórinn hefði verið að semja við S sem undirverktaka T. G gat ekki sannað að svo hefði verið, heldur virðist S bæði hafa unnið að verkþáttum, sem heyrðu undir T, sem og aðra verkþætti sem T hafði ekki tekið að sér gagnvart G. Var því litið svo á að stofnast hefði til beins samningssambands milli G og S fyrir milligöngu byggingarstjórans.

Samkvæmt dóminum hefur byggingarstjórinn að lögum viðtækt stöðuumboð til að gera hvers kyns löggæringa í þágu framkvæmdanna, sem binda eigandann, nema eigandinn takmarki það umboð sérstaklega í samningi sínum við byggingarstjórann.

4.1 Ábyrgð byggingarstjóra

Hvað ábyrgð byggingarstjóra varðar er kveðið á um það í 3. mgr. 51. gr. SBL að hann beri ábyrgð á að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdætti, lög og reglugerðir. Þótt ekki sé það tekið fram berum orðum í ákvæðinu, er ljóst að þessa ábyrgð ber byggingarstjórinn gagnvart viðsemjanda sínum, eiganda mannvirkis eða framkvæmda, sem og gagnvart byggingaryfirvöldum. Jafnframt er kveðið á

um, að umboð, verksvið og ábyrgð gagnvart eiganda verkframkvæmda fari eftir samningi eiganda og byggingarstjóra og verður vikið nánar að því hér að neðan. Hér er kveðið á um ríka ábyrgð byggingarstjórans, þar sem hún er ekki takmörkuð við einstaka verkþætti eða sérfræðisvið. Byggingarstjóri getur því verið gerður ábyrgur vegna verkþátta, sem tengjast verksviði hvaða iðnmeistara sem er. Þessari ríku ábyrgð byggingarstjórans er ekki ætlað að draga að nokkru leyti úr ábyrgð einstakra iðnmeistara á sínum verkum, enda er í l. mgr. 52. gr. SBL kveðið á um að iðnmeistarar beri ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda hver á sínum verkþáttum.

Eins og áður er vikið að er markmiðið með stöðu byggingarstjóra að fela einum aðila ábyrgð á öllum verkþáttum og einfalda þannig ábyrgðarreglur við byggingaframkvæmdir. Eigandi þarf ekki að hafa uppi kröfur á hendur fjölda iðnmeistara, heldur liggur ábyrgð gagnvart eiganda hjá einum aðila.

Ljóst er, að iðnmeistari, sem tekur að sér byggingarstjórn, tekst á hendur mun meiri ábyrgð en hann bæri ella, því hann ábyrgist um leið verk allra annarra iðnmeistara. Í þessu sambandi er áhugavert að hafa til hliðsjónar dóma uppkveðna í Héraðsdómi Suðurlands 27. nóvember 2001 og 2. maí 2003, en hvorugum þeirra var áfrýjað.

Í fyrri dómnum² („Fossraf“) slaðist B, sem var rafvirki að mennt, við vinnu sína er hann féll af vinnupalli í bílskúr í eigu H, þar sem hann vann að raflögn á vegum vinnuveitanda síns, F. Áður en byggingarleyfi var veitt, lagði H fram uppáskriftir iðnmeistara til byggingarfulltrúa, þ.e JK, húsasmíðameistara, og ÞÞ, framkvæmdastjóra F, sem rafvirkjameistara. Húsasmíðameistarinn kvaðst ekki hafa skrifað upp á eyðublað byggingarfulltrúa sem húsasmíðameistari, heldur

hafi aðeins verið um að ræða viljayfirlýsingu um að hann yrði hugsanlega húsasmíðameistari að byggingunni, enda hafi hann aldrei komið að henni. Þá kvaðst ÞÞ aldrei hafa verið rafvirkjameistari að byggingunni þó hann hafi undirritað eyðublað sem slíkur. ÞÞ fól B að leggja rafmagn í bílskúrinn og gat um að í honum væri vinnupallur. B notaði vinnupallinn við raflögnina og kvaðst ekki hafa veitt því athygli að byrjað var að rífa hann. Þegar B, sem ekki notaði öryggishjálms, var kominn upp á pallinn og hafði hafið vinnu, gaf pallurinn sig og B féll í gölfið og hlaut nokkur beinbrot auk annarra áverka. Í niðurstöðu héraðsdóms um þátt JK sagði, að hann hefði verið húsasmíðameistari byggingarinnar og hefði ekki sýnt fram á að undirritun hans hafi ekki verið skuldbindandi. Bar hann, þar sem byggingastjóri var ekki með verkinu, ábyrgð á að samhæfa ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys. Þar sem framkvæmdum við bygginguna var ekki að fullu lokið þegar slysið átti sér stað, var ábyrgð á aðbúnaði á byggingarstað enn í höndum JK. Atvik máls þessa áttu sér stað áður en skylt varð að hafa byggingarstjóra með öllum framkvæmdum. Ljóst er, að hefði byggingarstjóri verið með verkinu, annar en húsasmíðameistarinn, hefði byggingarstjórinn borið þá ábyrgð, sem í dómnum var fella á húsasmíðameistarann.

Í dómnum frá 2. maí 2003³ („Bilaverkstæðið Bragginn“) tók K, húsasmíðameistari og byggingaverktaki, að sér að stækka bifreiðaverkstæði B m.a. með það fyrir augum að koma inn nýjum klefa fyrir bilasprautun. Ágreiningur kom upp um fjárhæð verkauna til K og höfðaði hann mál til innheimtu þeirra, en B höfðaði gagnsök vegna meintra galla við verkið.

Í niðurstöðu dómans er lagt til grundvallar, að enda þótt þáttur K við verkið hafi verið veigamikill, hafi B ekki sýnt fram á að K hafi verið byggingarstjóri verksins og raunar hafi enginn slíkur verið við verkið, þrátt fyrir ótvíræða

2 Mál nr. E-178/2000: Björn Jakobsson gegn Fossraf ehf. o.fl.

3 Mál nr. E-380/2001: Kristján Egilsson gegn Bilaverkstæðinu Bragganum o.fl.

lagaskyldu, sem hvíli á húseigandanum og verkkaupanum, B.

Í umfjöllun um gagnkröfur vegna galla taldi héraðsdómur vera ljóst, að galli væri í skotrennu og loftstokki. Af framburði vitna var ljóst að K hafði komið að þessum verkum. Í niðurstöðu dómsins sagði að til þess væri að líta, að uppsetning lofttúða og skotrennu væri ekki á ábyrgð húsasmíðameistara, heldur blikksmíðameistara skv. byggingareglugerð, og því ekki sýnt fram á að K hafi ráðið framkvæmd þessara verka. Bar hann því ekki ábyrgð á umræddum göllum. Af þessari niðurstöðu um ábyrgð á galla verður sú ályktun dregin, að hefði talist sannað að K hefði tekið að sér byggingarstjórn, þá hefðu allir verkþættir fallið undir ábyrgð hans, þ.á. m. blikksmíðavinna, sem hins vegar var ekki á ábyrgð húsasmíðameistara.

Í fyrrnefnda dóminum hefði byggingarstjóri borið þá ábyrgð, sem felld var á húsasmíðameistarann og í þeim síðari verður að telja ljóst, að byggingargallinn hefði verið á ábyrgð byggingarstjóra, ef hann hefði verið við verkið. Byggingarstjóraábyrgðin er því til viðbótar ábyrgð allra annarra meistara, sem skráðir eru á mannvirki.

Að öðru leyti en sérstaklega er kveðið á um ábyrgð byggingarstjóra í 3. mgr. 51. gr. SBL segir í ákvæðinu að um umboð, verksvið og ábyrgð gagnvart eiganda fari eftir samningi byggingarstjórans við eiganda. Þetta orðalag verður túlkað þannig, að 3. mgr. 51. gr. kveði á um lágmarkskröfur til ábyrgðar byggingarstjóra, sem ekki verður vikið til hliðar með samningi við eiganda. Að öðru leyti en sérstaklega sé kveðið á um ábyrgðina í greininni fer um umboð, verksvið og ábyrgð eftir samningi byggingarstjóra og eiganda. Þannig gæti samningur ekki kveðið á um rýrari ábyrgð byggingarstjóra en samkvæmt

ákvæði 3. mgr. 51. gr. SBL. Einnig yrði ábyrgð byggingarstjóra ekki falin öðrum með samningi. Það breytir því ekki, að meistarar bera hver á sínu sviði ábyrgð á athöfnum sínum og athafnaleysi.

Þótt oftast megi búast við því að byggingarstjóri taki að sér byggingarstjórn á grundvelli samnings við eiganda byggingar eða framkvæmda og að þeir geti skv. 51. gr. SBL kveðið á um ábyrgð byggingarstjórans með samningi sín á milli, er engu að síður ljóst, að ábyrgð byggingarstjóra er fyrst og fremst lögakveðin á grundvelli 51. gr. SBL og óháð því hvort samningssambandi er til að dreifa eða ekki milli eiganda og byggingarstjóra. Lögð er áhersla á að formlegt samningssamband er ekki gildisskilyrði fyrir ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda. Hafi til þess bær sérfræðingur tekið að sér byggingarstjórn með áritun þess efnis gagnvart byggingaryfirvöldum, ber hann ábyrgð samkvæmt fyrirmælum 51. gr. SBL og það eins þótt enginn formlegur samningur hafi stofnast milli hans og eiganda viðkomandi framkvæmda. Í þessu sambandi er vert að horfa til dóms, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Vestfjarða 5. apríl 2004⁴ („Særeki“), en honum var ekki áfrýjað.

Atvik voru þau, að fyrirtækið S tók að sér með samningi við A að reisa sumarhús til brottflutnings. Fyrirsvarsmáður S sem var ófaglærður annaðist smíði hússins. Verulegir gallar reyndust á smíðinni af hálfu S og voru þeir staðfestir í matsgerð dómkvadds matsmanns. Höfðaði A mál á hendur S og B, sem áritað hafði yfirlýsingu sem byggingarstjóri eingöngu að beiðni S, en án atbeina húseigandans. Hvað varðar þátt byggingarstjórans krafðist hann sýknu af kröfum húseigandans í fyrsta lagi þar sem hann hefði tekið að sér að vera byggingarstjóri fyrst eftir að smíði hússins var lokið og þá sem formsatriði

⁴ E-124/2003, Guðjón Páll Einarsson gegn Særeka ehf., Bjarna Kristinssyni og Ísafjarðarbæ.

að kröfu byggingarfulltrúa sem skilyrði fyrir að koma mætti húsinu fyrir á áfangastað. Yfirlýsing hans hafi verið dagsett aftur í tímann án hans atbeina eftir að hann undirritaði hana. Hann hafi að engu leyti komið að smíði hússins og ekki haft eftirlit með henni. Eigandanum hafi verið ljóst, að ófaglærður aðili hefði staðið að smíði hússins og verið kunnugt um gallana, þegar hann óskaði eftir að B tæki að sér að vera skráður sem byggingarstjóri. Hélt byggingarstjórinn því fram, að þar sem eigandinn hefði samþykkt að ófaglærður maður annaðst smíðina án eftirlits iðnmeistara og að síðan hefði verið fengin ábyrgðaryfirlýsing frá aðila sem ekkert fylgdist með smíðinni og fyrst var leitað til eftir afhendingu hins selda, teldist eigandinn hafa fyrirgert rétti sínum til bóta á hendur B. Héraðsdómari féllst ekki á þessi rök byggingarstjórans. Ekki var talið sannað, að eigandanum, A, hefði verið kunnugt um að enginn byggingarstjóri eða iðnmeistari kæmi að verkinu meðan á því stóð. Voru því ákvæði 30. og 33. gr. samningalaga nr. 7/1936⁵ ekki talin eiga við A. Í niðurstöðu héraðsdóms sagði, að B hefði tekist á hendur ábyrgð sem byggingarstjóri og iðnmeistari án þess að skoða verkið áður til að fullvissa sig um að það væri unnið í samræmi við viðurkennda verkhætti og samþykktar teikningar, lög og reglugerðir. B átti því að vera ljóst hvaða ábyrgð hann tókst á hendur gagnvart eiganda byggingarframkvæmdanna samkvæmt 51. og 52. gr. SBL. Var hann því dæmdur til að greiða A tjón hans óskipt með S.

Samkvæmt því sem fjallað hefur verið um að framan ber byggingarstjóri ábyrgð á því að verk iðnmeistara, sem koma að verklegri framkvæmd, séu rétt og faglega innt af hendi og það eins þótt ekki sé samningssamband milli byggingarstjórans og eiganda mannvirkis. Gagnvart eiganda teldist ábyrgð

byggingarstjóra í flestum tilvikum vera samningsbundin, en sakarmælikvarðinn færi eftir ákvæði 51. gr. SBL og efni samnings. Gagnvart yfirvöldum og „gangandi vegfarendum“ væri ábyrgðin utan samninga. Þetta er hins vegar ekki einhlítt, svo sem sést af Særekamálinu, þar sem ekkert samningssamband stofnaðist milli eiganda og byggingarstjóra. Því vaknar sú spurning, hvers eðlis ábyrgð byggingarstjóra er. Telst vera um að ræða sakarábyrgð eða er jafnvel um strangari ábyrgð að ræða? Þýðir það, að ekkert samningssamband þurfi að vera milli eiganda framkvæmdar og byggingarstjóra, að um sé að ræða hlutlæga ábyrgð? Þegar leitast er við að svara þessari spurningu, er rétt að hafa í huga, að til þess að byggingarstjórinn takist á hendur ábyrgð samkvæmt ákvæðum SBL þarf hann að hafa áritað yfirlýsingu þess efnis á þar til gert eyðublað, sem afhent er byggingarfulltrúa. Þannig hefur byggingarstjórinn skuldbundið sig með undirritun sinni að uppfylla þær skyldur, sem á byggingarstjóra hvila lögum samkvæmt. Í því felst að honum ber að fylgjast með verkum, sem heyra undir aðra iðnmeistara, er að verkinu koma. Í ljósi þess að atbeina byggingarstjórans sjálfs þarf til þess að hann taki að sér þá stöðu og staðan sem slík leggur á byggingarstjórann sjálfstæða skyldu til athafna og eftirlits, teldist jafnan vera um sakarábyrgð að ræða. Verði annmarkar á verkum iðnmeistara eða annarra, sem að verklegri framkvæmd koma, fellur ábyrgð á byggingarstjórann jafnvel þótt hann hafi ekki komið auga á annmarkann þrátt fyrir að hafa sinnt hlutverki sínu. Nægjanlegt er að hann hefði mátt koma auga á annmarkann ef hann hefði sinnt hlutverki sínu eðlilega. Viðbára eins og sú sem höfð var uppi í Særekamálinu í dómi Héraðsdóms Vestfjarða 5. apríl 2004, að

5 30. gr. laga 7/1936 er svohljóðandi: „Löggeringur skuldbindur eigi þann mann, sem gerði hann, ef hann var fenginn til þess með svikum, og sá maður, sem við löggeringnum tók, beitti sjálfur svikumum eða hann vissi eða mátti vita, að geringurinn var gerður fyrir svik annars manns.“

33. gr. laga 7/1936 er svohljóðandi: „Löggering, sem ella mundi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheimarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggeringurinn kom til vitundar hans og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.“

byggingarstjórinn hafi ekki komið að hinni verklegu framkvæmd, stöðar því ekki til að leysa hann undan ábyrgð, heldur telst það í sjálfu sér saknæmt athafnaleysi að takast á hendur stöðu byggingarstjóra með áritun hjá byggingafulltrúa en sinna svo því hlutverki í engu.

Spurning getur vaknað um það, hversu langt ábyrgð byggingarstjórans nær vegna brota iðnmeistara á fyrirmælum laga eða reglugerða, þegar slík brot fara leynt. Um slík tilvik virðast ekki hafa fallið dómur hér á landi. Í þessari stöðu er tvennt til: Að líta á ábyrgðarreglur SBL sem hagræði fyrir eiganda mannvirkis, þannig að hann eigi kröfu á byggingarstjóranum, jafnvel þótt hann geti sýnt fram á að hann hafi ekki haft færi á að uppgötva brot iðnmeistara, eða að létta af byggingarstjóranum ábyrgð í slíku tilviki á grundvelli huglægrar afstöðu byggingarstjórans, þar sem ekki sé sýnt fram á sök af hans hálfu. Með fyrri leiðinni er langt gengið í átt að hlutlægri ábyrgð byggingarstjóra, sérstaklega ef iðnmeistari hefur vísitandi leynt slægum vinnubrögðum. Sé ábyrgð byggingarstjóra teygð þetta langt, væri eðlilegt að hann ætti fullan endurkröfurétt á hendur þeim iðnmeistara, sem ábyrgð ber á misfellingunni, en sé um að ræða sök af hálfu byggingarstjórans sjálfs, verður að telja eðlilegt að hann axli hana jafnframt því sem viðkomandi iðnmeistari beri sakarábyrgð á sinni háttsemi. Skipting sakar í ákveðnum hlutföllum væri komin undir mati dómstóla hverju sinni. Í ljósi þess hagræðis og þeirrar einföldunar ábyrgðarreglna, sem felst í ábyrgð byggingarstjóra, verður að telja eðlilegt að byggingarstjórinn beri ábyrgð eftir sem áður, þótt sýnt sé að brot á lögum og reglugerðum hafi farið leynt, en opna fyrir endurkröfurétt byggingarstjóra á viðkomandi meistara eða verktaka í tilvikum þar sem engri sök er til að dreifa hjá byggingarstjóra.

4.2 Hversu langt nær ábyrgð byggingarstjóra?

4.2.1 Ábyrgð á byggingarefni:

Samkvæmt lýsingu 51. gr. SBL á hlutverki og ábyrgð byggingarstjóra teldust gallar í efni, sem notað er til mannvirkis, að jafnaði falla utan ábyrgðar byggingarstjórans. Þessari ályktun til stuðnings má hafa til hliðsjónar hæstaréttardóm uppkveðinn 27. febrúar 2003 í máli nr. 214/2002 („B&L“).

S ehf. var lægstbjóðandi í útboði sem B hf. efndi til á sjálfvirku slökkvikerfi í atvinnuhúsnæði sitt sem var þá í smíðum og gekk B hf. að tilboði S ehf. Fljótlega eftir að kerfið var sett upp varð vart við leka úr því. B hf. stefndi annars vegar S ehf. og hins vegar pípulagningameistararum E til greiðslu á þeim kostnaði sem hlytist af því að koma kerfinu í rétt horf. Í dómi Hæstaréttar segir að annmarka á kerfinu megi rekja til þess að rör af umræddri gerð séu of efnislítill og sinkhúð í þeim of þunn til að standast tæringu af völdum efnasamsetningar kalds vatns í veitukerfum hér á landi. Sé um að ræða galla á verki S ehf., sem hafi lagt rörin til. S ehf. hafi fengið þær heimildir yfirvalda, sem þörf var á til að nota mætti umrædd rör fyrir slökkvikerfi á árinu 1999. Þótt ætlast verði til að E hafi sem pípulagningameistari átt að hafa sérþekkingu til að meta gæði efnisins, verði ekki horft fram hjá því að í útboðsgögnum hafi verið áskilið að allur búnaður, sem nota átti í verkið, skyldi háður samþykki B hf. Það hafi B hf. gert fyrir atbeina sérfróðra manna, sem hafi annast undirbúning verksins, og hönnun kerfisins ekki sætt athugasemdu yfirvalda. Verði því ekki fallist á að meta megi S ehf. og E til sakar að hafa boðið fram og notað umrædd rör. Verði þeim því ekki gert að greiða B hf. skaðabætur. Aftur á móti beri S ehf. ábyrgð á verkinu án sakar þar sem það hafi lagt til rörin sem reyndust ónothæf. E þótti þó ekki bera ábyrgð á þeim vanefndum þótt hann hafi sem pípulagningameistari tekið að sér ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt 52. gr. skipulags- og byggingarlaga. Var B hf. því dæmdur afsláttur af verkinu vegna vanefnda S ehf.

Ef reyndi á ábyrgð byggingarstjóra við sambærilega aðstöðu og í þessu máli, verður að telja að réttarstaða hans væri sambærileg og pípulagningameistarans E. Byggingarstjóri bæri ekki hina ströngu ábyrgð efnissalans á gölluðu efni, en bæri ábyrgð á röngu efnisvali (sem flokkast sem hönnunargalli), ef notkun efnisins yrði metin honum til sakar. Í þessu máli var notkun efnisins ekki metin pípulagningameistarannum til sakar, þar eð efnið hafði verið notað áður og fengið samþykki brunamálayfirvalda.⁶

Notist verktaki hins vegar við efni, sem bersýnilega er gallað eða óhentugt til notkunar í viðkomandi framkvæmd og byggingarstjóri lætur það ótalið, er ekki unnt að útiloka að byggingarstjórinn kallaði yfir sig ábyrgð á afleiðingum og tjóni af þeim efnisgalla. Rétt er að hafa í huga, að þar væri um að ræða ábyrgð, sem stofnaðist sjálfstætt vegna aðgerðarleysis byggingarstjórans (sakarábyrgð), en verktakinn, sem legði til efnið, bæri ábyrgð á því á grundvelli hinnar ströngu ábyrgðar efnissala (gagnvart verkkaupa væri verktakinn efnissali) samkvæmt 30. til 40. gr. laga um lausafjar kaup nr. 50/2000 (stjórnunarábyrgð). Eftir stendur meginreglan að framan, að ábyrgð byggingarstjóra skv. 51. gr. SBL tekur ekki til efnisgalla.

4.2.2 Hönnunargallar:

Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. SBL ber byggingarstjóri ábyrgð á „að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti...“. Í þessu felst að byggingarstjóra ber að tryggja að fylgt sé uppdráttum, teikningum og öðrum samþykktum hönnunargögnum við byggingu mannvirkis. Á hinn bóginn bæri byggingarstjóri almennt ekki ábyrgð á afleiðingum rangra eða gallaðra teikninga, þar sem slíkir hönnunargallar væru almennt

á ábyrgð hönnuða. Mörkin milli ábyrgðar byggingarstjóra á að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti og ábyrgð hönnuða á hönnunargöllum eru hins vegar ekki alltaf skýr. Það eitt, að sýnt er fram á mistök hönnuða við gerð uppdrátta, fríar ekki sjálfkrafa byggingarstjóra allri ábyrgð. Ljóst er að byggingarstjóri getur ekki leyft að byggt sé í blindni og athugasemdaleust eftir samþykktum uppdráttum án tillits til þess hvort meiri eða minni háttar galla sé að finna í uppdráttunum. Á góðum og gegnum byggingarstjóra hvílir sú skylda að tryggja að byggt sé í samræmi við lög og reglugerðir. Víki samþykktir uppdrættir frá fyrirmælum laga eða reglugerða, ber byggingarstjóra að gera athugasemd við uppdrættina og ganga úr skugga um að þeir séu leiðréttr áður en lengra er haldið við framkvæmdir. Því augljósari sem hönnunargallinn er, þeim mun meiri kröfur verða gerðar til byggingarstjóra að vekja á honum athygli og leita leiðréttingar. Láti hann undir höfuð leggjast að gera það eru því meiri líkur á að hann felli á sig ábyrgð ásamt hönnuði gagnvart eiganda mannvirkis. Á hinn bóginn, ef um er að ræða hönnunargalla, sem örðugt er að greina, er sennilegt að hönnuður beri einn ábyrgð. Skipting sakar milli hönnuðar og byggingarstjóra og ákvörðun um það í hvaða hlutföllum sök skiptist á undir mat dómstóla í hverju tilviki. Ekki hafa fallið dómur hér á landi um skiptingu sakar milli hönnuðar og byggingarstjóra vegna hönnunargalla á mannvirki, en í Hrd. 1983, bls. 2174 (Voltadómur) reyndi á sakarskiptingu milli hönnuðar annars vegar og byggingameistara húss hins vegar, sem tók að sér sem verktaki að reisa hús á grundvelli teikninga, sem reyndust ekki uppfylla kröfur byggingarreglugerðar:

Voltadómur

Fljótlega eftir að byggingu hússins lauk tók að

⁶ Um ábyrgð hönnuða á röngu efnisvali sjá m.a. H 1998, bls. 2155.

bera á leka úr þaki hússins. Við nánari athugun kom í ljós, að þakið sjálft lak ekki, heldur hafði gleymst að loftræsa þakið með þeim afleiðingum m.a. að raki, sem myndadist í þakinu, þéttist og lak niður í dropatali. Óumdeilt var, að höfundum teikninga hafði láðst að gera ráð fyrir fullnægjandi loftræstingu í þaki hússins. Húseigandinn leitaði til hönnuðar hússins sem og byggingameistara og óskaði eftir að þeir tækju þátt í kostnaði við endurbætur þaksins, en samkomulag náðist ekki. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, var talið að hönnuðir hússins bæru höfuðábyrgð á því hvernig til tókst, þar sem mistök þeirra voru talin undirrot vanbúnaðar þaksins. Hvað varðar þátt byggingameistarans var horft til ákvæða byggingarsamþykktar Reykjavíkur um skyldu til að loftræsa öll þök milli einangrunar og ystu klæðningar. Í ljósi þess þótti verða að telja, að þeir starfsmenn byggingarverktakans, sem ábyrgð báru á verkinu, hefðu átt að hreyfa athugasemdum og leita skýringa eftirlitsmanns um, hvernig skyldi framkvæma loftræsinguna, þar sem teikningar voru óljósar um þetta atriði. Þótti byggingameistarinn því verða að bera hluta af tjóni húseigandans. Þar sem hönnuðir og byggingameistarinn höfðu sjálfstæða samninga við húseigandann og ekkert samningssamband var þeirra í milli, var ábyrgð á tjóni húseigandans skipt þannig að hönnuðir báru 5/6 hluta en byggingameistarinn 1/6 hluta.

Nærtækt er að setja byggingarstjóra í stöðu byggingameistarans í síðastnefndum dómi og líklegt má telja að svipuð niðurstaða yrði ef reyndi á ábyrgð hönnuða annars vegar og byggingarstjóra hins vegar vegna galla í teikningum.

Voltadómurinn sem og B&L-dómurinn, sem reifaður er að framan, veitir ákvæðna vísbendingu um það, að byggingarstjóri kunnir að bera ábyrgð ásamt hönnuði, þegar byggt er á grundvelli gallaðra uppdrátta eða hönnunargögn uppfylla að einhverju leyti ekki fyrirmæli laga eða reglugerða. Í B&L-dóminum var um að ræða rangt efnisval,

sem flokkast í reynd sem hönnunargalli. Líkindi þess, að byggingarstjóri kalli yfir sig ábyrgð vegna hönnunargalla, fara eftir því hve augljós hönnunargallinn er og hversu auðvelt byggingarstjórinn átti með að koma auga á hann og hreyfa athugasemdum við framkvæmd verks á grundvelli hinna gölluðu hönnunargagna. Í B&L-dóminum var um að ræða leyndan galla í rorum, sem kom fram hægt og sígandi við það að rorin komust í snertingu við vatn. Var gallinn ekki það augljós, að meta mætti það pípulagningameistara til sakar að átta sig ekki á hinu ranga efnisvali. Sama ætti við um byggingarstjóra. Í Voltadóminum var hins vegar um augljósa vöntun á grundvallarþætti í byggingu húspaks, sem ekki átti að fara framhjá byggingameistara. Verður hér fullyrt að hið sama ætti við um byggingarstjóra við sambærilegar aðstæður.

4.2.3 Ábyrgð á verklegum framkvæmdum

Þegar sleppir framangreindum takmörkunum á ábyrgð byggingarstjóra vegna efnisgalla og hönnunargalla á verki stendur eftir ábyrgð hans á hinni verklegu framkvæmd hvers iðnmeistara. Sú ábyrgð er víðtæk þannig að byggingarstjóri ber almennt ábyrgð á þeim misfellum, sem verða í framkvæmd verks af hálfu iðnmeistara. Í 118.1 gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 segir, að hús og önnur mannvirki skuli jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingarefnum, sem þoli íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða mannvirkið verði fyrir. Enn fremur skuli tryggt að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti. Samkvæmt þessu nægir ekki, að gætt sé lágmarkskrafna um framkvæmd verks af hálfu iðnmeistara, heldur felst það í því, að verk uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar, að það uppfylli ekki aðeins tæknilegar heldur og faglegar kröfur á viðkomandi sviði. Hvað telst faglega fullnægjandi á hverjum tíma veltur á venjum og reglum á hverju fagsviði, sem leiða

þarf í ljós t.d. með leiðbeiningum fagfélaga þar sem slíkum leiðbeiningum er til að dreifa eða leiðbeiningum, sem felast í svokölluðum RB-blöðum útgefnum af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.⁷ Með því að það fellur undir kröfur byggingarreglugerðar, að ekki aðeins tæknilegra krafna sé gætt, heldur einnig að verk sé faglega vel af hendi leyst, þá stóðaði það ekki byggingarstjóra að telja ábyrgð sína aðeins ná til þess að verk uppfylli tæknilegar lágmarkskröfur. Það verður því ekki talið, að rýrari kröfur séu gerðar til byggingarstjóra en til iðnmeistara, sem innir verk af hendi. Ábyrgð iðnmeistara er ekki viðtækari en ábyrgð byggingarstjórans, enda teldist það óhæfilegt gagnvart eiganda mannvirkis ef hann í einhverjum tilvikum ætti aðeins kröfu á viðkomandi iðnmeistara en ekki byggingarstjóran. Það væri einnig í andstöðu við markmið reglnanna um byggingarstjóra að til væri að dreifa einum ábyrgum aðila við hverja verklega framkvæmd.

Samkvæmt þessu eru ekki tæknileg eða fagleg takmörk fyrir ábyrgð byggingarstjórans. Álitamál vaknar hins vegar um takmörk ábyrgðar byggingarstjórans, þegar tæknilegum og faglegum mælikvörðum sleppir, t.d. þegar vanefnd iðnmeistara er hvorki af tæknilegum né faglegum toga, heldur t.a.m. að verktaki lýkur ekki við verk vegna gjaldþrots. Að öllum líkindum teldist langt seilst að túlka það, að hlaupast frá verki við slíkar aðstæður, sem svo að framkvæmd verks væri ekki með faglegum hætti og að slíkt væri þar með í andstöðu við byggingarreglugerð og þar af leiðandi á ábyrgð byggingarstjóra. Mætti telja það strangt, að ábyrgð byggingarstjóra tæki til þess að uppfylla samningsskuldbindingar verktakans og ljúka óloknum verkþáttum. Verður hér talið, að slíkt falli utan ábyrgðar

byggingarstjóra.

4.2.4 Hverjir geta krafist um bætur og hvað tjón er bætt?

Að framan er rakið, á hvers kyns göllum byggingarstjóri geti borið ábyrgð. Niðurstaðan var sú að hann beri fyrst og fremst ábyrgð á göllum sem leiða af tæknilega eða faglega rangri framkvæmd verks (framkvæmdargöllum), en aðeins að takmörkuð leyti áfnis- og hönnunargöllum. Eftir stendur spurningin, hvers konar tjón byggingarstjóra verði gert að bæta og þá jafnframt hverjir geti haft uppi kröfur á hendur byggingarstjóra vegna vanrækslu hans í starfi.

Í 51. gr. SBL er fjallað um ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda mannvirkis og m.a. kveðið á um það í 3. mgr. ákvæðisins, að um ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda byggingaframkvæmda fari eftir samningi þeirra á milli. Í ákvæðinu, m.a. 6. mgr. 51. gr., er öðrum þræði vikið að ábyrgð byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd. Í 51. gr. er ekki vikið berum orðum að hugsanlegri ábyrgð byggingarstjóra gagnvart öðrum en eiganda mannvirkis og byggingaryfirvöldum. Ekki eru skýrari ákvæði að þessu leyti í byggingarreglugerð. Til greina getur komið að álykta, og því hefur verið haldið fram, að ábyrgð byggingarstjóra sé takmörkuð við eiganda byggingaframkvæmda og byggingaryfirvöld og að aðrir geti ekki byggt rétt á og haft uppi kröfur á hendur byggingarstjóra á grundvelli ábyrgðar hans samkvæmt 51. gr. SBL. Samkvæmt því sé girt fyrir kröfur þriðju aðila svo sem notenda mannvirkis eða þeirra sem hljóta skaða af mannvirki vegna skaðlegra eiginleika þess, sem raktir verða til vanrækslu byggingarstjóra á skyldum sínum.

⁷ Nú skal byggingarstjóri ávallt vera til staðar, sbr. að framan, en við lögfestingu laga nr. 46/1980 var aðeins heimilt að skipa byggingarstjóra.

Ekki verður hér fallist á, að ábyrgð byggingarstjóra sé sniðinn svo þröngur stakkur sem að ofan er rakið. Koma þar til ýmis sjónarmið:

- Ákvæði 51. gr. SBL mælir ekki afdráttarlaust fyrir um slíka takmörkun á gildissviði ábyrgðar byggingarstjóra. Úr því lagðar eru víðtækar skyldur á byggingarstjóra, hefði verið nauðsynlegt að kveða ótvírætt á um það ef takmarka ætti þann hóp manna, sem byggja mætti rétt á þeim skyldum.
- Að framan er komist að þeirri niðurstöðu, að ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt 51. gr. SBL sé ekki háð samningssambandi byggingarstjóra við þann sem sækja vill hann til ábyrgðar.
- Í 36. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er kveðið á um að, ef fleiri en einn verktaki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skuli byggingarstjóri, ef hann er til staðar,⁸ en annars byggingameistari, sjá um að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu. Þessari skyldu byggingarstjóra er ótvírætt ætlað að vernda þriðju aðila svo sem aðra verktaka, notendur og gestkomandi í mannvirki og enginn vafi leikur á að slíkir aðilar geta byggt á ákvæðinu kröfurétt á hendur byggingarstjóra.⁹
- Með þeim fyrirvara, að ekki hefur gengið hæstaréttardómur um efnið, hafa dómstólar hafnað því, t.a.m. í líkamstjónamálum á hendur byggingarstjóra, að ábyrgð hans geti einungis orðið virk gagnvart eiganda húseignar og e.t.v. opinberum aðilum. Vakin er athygli á dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 2004 í máli

nr. E-13881/2003¹⁰ („Parfaping“), þar sem byggingarstjóri var dæmdur bótaskyldur vegnaslyssstarfsmannsbyggingarverktaka á byggingarstað.

- Það drægi mjög úr aðhaldi gagnvart byggingarstjóra ef ekki væri fylgt eftir af nægilegri festu faglegum og tæknilegum fyrirmælum sem og öryggisreglum hvers konar. Hið sama gilti ef aðstaðan væri sú að ábyrgð byggingarstjóra vegna vanrækslu á slíkum reglum yrði aðeins virk gagnvart eiganda mannvirkis og byggingaryfirvöldum.

Samkvæmt framangreindu verður talið, að byggingarstjóri geti orðið bótaskyldur vegna vanrækslu á skyldum sínum, t.d. skv. 51. gr. SBL eða lögum nr. 46/1980, vegna skaðabótakrafna utan samninga að uppfylltum skilyrðum almennra reglna um skaðabótaábyrgð utan samninga. Samkvæmt tilvitnuðum dómum eru ekki undanskildar bótakröfur vegna líkamstjóns. Einnig er nærtæk sú aðstaða, að einstakir kaupendur íbúðarhúsnæðis hafi uppi kröfur vegna byggingargalla á hendur byggingarstjóra, þótt ekkert samningssamband sé milli þeirra og byggingarstjórans, svo sem algengt er þegar stór verktakafyrirtæki með byggingarstjóra innanborðs selja íbúðarhúsnæði á neytendamarkaði. Dómar þar sem ábyrgð á líkamstjóni er felld á byggingarstjóra og byggingameistara byggjast á því að ákvæði laga nr. 46/1980 um að tryggjast sé öryggi á verkstað hafi verið brotin. Ákvæði SBL um ábyrgð byggingarstjóra miða almennt að því að tryggja að tækni- og fagkröfur séu uppfylltar, meðan ákvæðum laga nr. 46/1980 er sérstaklega ætlað að tryggja öryggi þeirra, sem á verkstað starfa eða þangað eiga leið. Ósennilegt er að brot á reglum

8 Sbr. dómur Héraðsdóms Suðurlands í Fossmáli, sem reifaður var að framan, þar sem bótaskylda var felld á byggingameistara vegna vinnuslyss, en ljóst er skv. dómnum að ábyrgðin hefði verið byggingarstjóra, ef hann hefði verið með verkinu.

9 Skafti Baldursson gegn Parfapingi hf. o.fl.

10 Um svonefndar „sprangkröfur“ sjá grein Ólafs Kristinssonar, stud. jur., í Úlfhljóti, 3. tbl. 1991, bls. 299-303.

SBL einum hefði í för með sér líkamstjón, en hið gagnstæða á við um brot á síðarnefndu reglunum. Ekki þarf að fara saman brot á tækni- og fagkröfum SBL og brot á reglum um varúðarráðstafanir skv. sérreglum á borð við 36. gr. laga nr. 46/1980, sbr. Þarfaþingsmál, sem áður er nefnt. Í þeim dómi var um að ræða brot gegn ákvæði 36. gr. laga nr. 46/1980, en ekki var um að ræða beitingu ábyrgðar byggingarstjóra samkvæmt 51. gr. SBL. Sú skoðun er því sett fram hér að ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt SBL feli ekki í sér ábyrgð á líkamstjóni en að slík ábyrgð geti hins vegar fallið á byggingarstjórnann brjóti hann aðrar sérstakar öryggisreglur, sem honum er í öðrum lögum ætlað að framfylgja, sbr. m.a. 36. gr. laga nr. 46/1980. Þetta álitamál tengist váttryggingarvernd vegna byggingarstjóraábyrgðar, sbr. kafli 7 hér á eftir.

Í grein 33.1 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 segir um tryggingarskyldu byggingarstjóra, að hann skuli hafa í gildi tryggingu vegna fjárhagstjóns, sem leitt getur af gáleysi í starfi hans. Hugtakið fjárhagstjón er almennt ekki notað í íslensku lagamáli og hefur ekki ákveðna, venjuhelgða merkingu í fjármunarétti, hvort heldur í skaðabóta- eða váttryggingarétti. Hvað snertir hins vegar bótaábyrgð byggingarstjóra verður þessi óhefðbundna orðnotkun, sem aðeins er að finna í byggingarreglugerð, ekki túlkuð svo, að ábyrgð byggingarstjóra teljist viðtækari samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar en leiða myndi af ákvæðum SBL og þeirri viðmiðunarreglu, sem sett var fram að framan um gildissvið ábyrgðarreglu SBL. Er því ekki ástæða til þess að leitast við að skilgreina hér hugtakið fjárhagstjón og látið liggja milli hluta hvort reglugerðargjafinn hafi haft í huga fjártjón, þ.e. hvers konar tjón, sem metið verður til fjár, eða almennt fjártjón, þar sem undanskilið er tjón á munum og mönnum.

Samkvæmt því sem að framan er rakið

getur ábyrgð byggingarstjóra náð til alls fjártjóns. Hér er því haldið fram, að umfang ábyrgðarinnar geti ráðist af því, hvaða réttarheimild er beitt hverju sinni. Ábyrgðin samkvæmt 51. gr. SBL nái til þess að byggt sé samkvæmt lögum, reglugerðum og teikningum og eigandi mannvirkis og síðari eigendur geti byggt á ábyrgð byggingarstjórans. Sú ábyrgð nær til beins tjóns, t.a.m. kostnaðar við að lagfæra misfellur á mannvirki. Hins vegar er ekki undanskilið óbeint tjón, afleitt tjón (t.a.m. rekstrartjón) eða tapaður hagnaður (t.d. leigutekjur meðan mannvirki nýtist ekki til fyrirhugaðrar starfsemi eiganda). Umfang ábyrgðar byggingarstjóra á slíku tjóni takmarkaðist þá aðeins af reglum um orsakatengsl og sennilega afleiðingu. Sé hins vegar byggt á réttarheimildum, sem leggja sérstakar skyldur á byggingarstjóra að tryggja öryggi, þá kemur til greina að láta ábyrgð hans ná til líkamstjóns, sem almennt félli ekki undir ábyrgð hans samkvæmt SBL. Þessi niðurstaða byggist öðrum þræði á því, að líkamstjón vegna brota á 51. gr. SBL eru almennt séð ekki jafn sennileg og ef öryggisfyrirmælum er ekki fylgt, og jafnframt á beinu orðalagi 51. gr. SBL, sem tilgreinir sérstaklega ábyrgð gagnvart eiganda og byggingaryfirvöldum.

6. FYRNING

Að framan er þess getið, að ábyrgð byggingarstjóra sé sjálfstæð, lögfest ábyrgð, sem þeir menn bera, er taka að sér stöðu byggingarstjóra við verkframkvæmdir. Þá kom einnig fram, að ýmist getur verið til að dreifa samningssambandi milli eiganda mannvirkis og byggingarstjóra eða engu slíku samningssambandi. Í þeim tilvikum, sem samningi er til að dreifa, getur verið um að ræða mismunandi samningsgrundvöll. Þannig getur verktaki og byggingarstjóri tekið að sér að reisa mannvirki með verksamningi við eiganda, en í öðrum tilvikum eignast eigandi mannvirki með

kaupsamningi, t.d. við verktakafyrirtæki. Reyni á ábyrgð byggingarstjóra þegar eigandi er kominn að eign í slíkum mismunandi samningssamböndum, vaknar spurning um það, hvort fyrning ábyrgðar byggingarstjóra lúti mismunandi reglum eftir því hvert samningssambandið er og jafnframt ef engu samningssambandi er til að dreifa, sem einnig getur verið raunhæf aðstaða, sbr. að framan.

Reglur SBL um ábyrgð byggingarstjóra fjalla ekki um fyrningu ábyrgðarinnar og því gilda um fyrninguna almennar reglur.

Er fyrning kröfu á hendur byggingarstjóra mismunandi eftir því hvort mannvirki, sem hann er ábyrgur fyrir, er afhent samkvæmt verk- eða kaupsamningi? Kröfur vegna vinnu og hvers konar starfa fyrnast á 4 árum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, en kröfur vegna fasteignakaupa lúta almenna 10 ára fyrningarfrestinum samkvæmt 4. gr. laganna. Ef ekki er samningssamband milli eiganda og byggingarstjóra, hver er þá fyrningarfresturinn? Óeðlilegt kann að virðast að skemmri fyrningarfrestur eigi við um kröfu á hendur byggingameistara, sem jafnframt er byggingarstjóri, og tekur að sér að reisa mannvirki samkvæmt verksamningi heldur en um kröfu á hendur byggingarstjóra, sem er starfsmaður verktakafyrirtækis, er t.d. stundar það að byggja fasteignir til endursölu á markaði, eða um kröfu á hendur byggingarstjóra um skaðabætur utan samninga frá síðari eiganda húss.

Svo virðist sem ekki hafi gengið dómur um lengd fyrningarfrests á ábyrgð byggingarstjóra. Hugsanlegt er að hafa megi hlidsjón af dómum, sem gengið hafa um

fyrningu ábyrgðar iðnmeistara, við mat á fyrningu ábyrgðar byggingarstjóra.

Í H 1959.105 (Efstasund) ritaði múrarmeistarin S upp á teikningar fyrir einlyftu einbýlishúsi við Efstasund árið 1942 og tók að sér gagnvart byggingaryfirvöldum að hafa yfirumsjón með byggingarframkvæmdum. Eigandinn, P, annaðist sjálfur að mestu byggingu hússins og lá fyrir að S kom aðeins á byggingarstað þrisvar sinnum á byggingartímanum. P bjó í húsinu frá því byggingu þess lauk þar til árið 1949 að hann seldi húsið til P. Um ári eftir kaupin eða 1950 varð P var við að hurðir festust í kórmum. Kom þá í ljós að botnplata hússins seig og við nánari eftirgrennslan reyndist veruleg missmiði vera á botnplötunni. Árið 1954 lét P dómkveðja matsmenn til að meta umræddan galla og höfðaði mál á hendur P og S með stefnu í október sama ár til innheimtu bóta. Í málinu var borið við fyrningu. Talið var ósannað, að P hefði orðið gallans var fyrr en á síðari hluta árs 1950, en fyrr gæti fyrningarfrestur ekki hafist. Þá sagði í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, að skaðabótakrafa sem þessi fyrnist á 10 árum.

Dómur þessi er athyglisverður fyrir þær sakir, að í honum er fallist á bótaábyrgð iðnmeistara gagnvart síðari eiganda fasteignar,¹¹ sem ekki var í samningssambandi við iðnmeistarann. Ástæða þess, að fallist var á slíka bótakröfu utan samninga kann að skýrast af því, að í málinu virðist því ekki hafa verið borið við af hálfu S, að hann væri ekki réttur aðili að málinu. Einnig kann bein ábyrgð múrarmeistarans gagnvart síðari eiganda hússins að skýrast af því, að um var að ræða stórfellda vanrækslu, en sérstök áhersla er lögð á það í niðurstöðu Hæstaréttar.¹² Ætla verður, að sami fyrningarfrestur og talinn var eiga við í þessu máli, þ.e. 10 ár, ætti

¹¹ Ekki er um að ræða einsdæmi í íslenskri dómaframkvæmd. Í H 1996.1580 (Byggðaverk) var fallist á beina kröfu húsfélags fyrir hönd íbúðaeigenda á hendur málarmeistara vegna galla, en íbúðaeigendurnir voru ekki í samningssambandi við málarmeistarann, heldur kom hann að byggingunni með samningi við Byggðaverk, sem selt hafði einstökum

íbúðaeigendum íbúðir. Ábyrgð málarmeistarans var reist á háu sakarstigi og vitneskju málarmeistarans um hagsmuni væntanlegra íbúðaeigenda, þar sem fasteignin var reist til endursölu til einstaklinga.

við um ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda fasteignar, sem ekki væri í beinu samningssambandi við byggingarstjórnann, hvort sem atvik væru eins og í Særekamálinu í Héraðsdómi Vestfjarða frá 5. apríl sl., sem áður var reifað,¹³ eða byggingarstjórinn væri starfsmaður fyrirtækis, sem seldi eða tæki að sér að reisa mannvirki. Hins vegar er niðurstaðan sú, að fyrningarfresturinn yrði fjögur ár í þeim tilvikum, er krafa væri höfð uppi á hendur byggingarstjóra á grundvelli vinnu- eða verksamnings. Er því um að ræða mismilngan fyrningarfrest kröfu á hendur byggingarstjóra eftir því hver grundvöllur samningssambands hans og eiganda mannvirkis er.

7. STARFSÁBYRGÐARTRYGGING BYGGINGARSTJÓRA

Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. SBL er byggingarstjórum skylt að hafa í gildi fullnægjandi ábyrgðartryggingu til tryggingar því tjóni, sem byggingarstjórinn kann að bera ábyrgð á. Ábyrgðartryggingin er í gildi í a.m.k. fimm ár frá lokum framkvæmda. Samkvæmt 4. mgr. 51. gr. laganna á byggingarstjóri að gera byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta og honum ber við lok framkvæmda að staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Telja verður, að þessi staðfesting sé það tímamark, sem fimm ára gildistími ábyrgðartryggingarinnar miðist við. Láti byggingarstjóri undir höfuð leggjast að gera byggingarfulltrúa viðvart um lok verks og gefa framangreinda staðfestingu, dregst upphafstími ábyrgðartryggingarinnar að sama skapi, og sá tími sem unnt er að gera kröfu í trygginguna framlengist sem því nemur.

Tryggingarskylduna getur byggingarstjóri uppfyllt með því að kaupa starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingarfélagi, með því að afla sér

ábyrgðar hjá viðskiptabanka eða sparisjóði eða leggja fram annars konar tryggingu, sem metin er gild.

Samkvæmt grein 33.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 skal tryggingin nema minnst 5.000.000 króna vegna hvers einstaks tjónsatviks, en heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tólf mánaða tímabils skal nema minnst 15.000.000 króna.

Gildissvið váttryggingarinnar er skilgreint á sama hátt í skilmálum helstu íslensku váttryggingafélaganna. Váttryggt er gegn þeirri bótaábyrgð, sem fallið getur á váttryggingartaka sem byggingarstjóra vegna almenns fjártjóns, er þriðji maður verður fyrir, sem rakið verður til þess, að ekki hefur verið byggt í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, sbr. 3. mgr. 51. gr. SBL. Samkvæmt þessu fellur það tjón utan gildissviðs váttryggingarinnar, sem ekki fellur að lögum á byggingarstjórnann, svo sem tjón sem leiðir af því að verktaki hleypur á brott frá verki án þess að ljúka við það í samræmi við ákvæði verksamnings.

Váttryggður er „þriðji maður“, sem verður fyrir tjóni, sem fellur undir bótaábyrgð byggingarstjóra samkvæmt 51. gr. SBL. Hver þriðji maður er í skilningi skilmálanna og þar með váttryggður markast að því hver getur notið verndar bótareglunnar í 51. gr. SBL. Um það efni er fjallað að framan í kafla 5.2.3 og gengið er út frá því að ekki aðeins eigandi mannvirkis geti notið verndar ákvæðisins, heldur er við það miðað, að ekki þurfi að vera samningssamband milli byggingarstjóra og tjónþola, og þannig geti verið um bótakröfu utan samninga að ræða.

Váttryggt tjón samkvæmt skilmálunum er „almennt fjártjón“. Í skaðabóta- og váttryggingarétti er almennt fjártjón skilgreint sem fjártjón á öðru en mönnum og munum. Í skilmálunum er líkamstjón auk

Þess sérstaklega undanskilið.

Svo sem nefnt var að framan tekur bótaábyrgð byggingarstjóra til svonefnds fjárhagstjóns, eins og það heitir í byggingarreglugerð. Í kafla 5.2.3 að framan er komist að þeirri niðurstöðu, að hugtakið fjárhagstjón verði ekki túlkað þannig, að undanskilið sé líkamstjón. Þar eð hugtakið fjárhagstjón er hins vegar almennt ekki notað í íslensku lagamáli og er aðeins að finna í reglugerð en ekki SBL, er í kafla 5.2.3 horft til þess orðalags 5l. gr. SBL að vísa til ábyrgðar byggingarstjóra gagnvart eiganda framkvæmda og að um ábyrgðina fari nánar eftir samningi þeirra. Á þeim grundvelli er sett fram sú viðmiðunarregla, að ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt 5l. gr. SBL taki hugsanlega ekki til líkamstjóns en að ábyrgð hans á slíku tjóni geti fallið á hann eftir öðrum réttarheimildum, svo sem 36. gr. laga nr. 46/1980, sem dómafordæmi eru fyrir. Eigi þessi viðmiðunarregla, sem hér hefur verið sett fram, við rök að styðjast, má segja að gildissvið starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra samrýmist umfangi ábyrgðar hans samkvæmt 5l. gr. SBL.

Hins vegar er ljóst, að gildissvið starfsábyrgðartrygginga íslenskra tryggingafélaga vegna byggingarstjóra er þrengra en bótaábyrgð byggingarstjóra getur orðið samkvæmt öðrum lögum, sbr. umfjöllunin að framan um bótaábyrgð hans vegna líkamstjóns á grundvelli 36. gr. laga nr. 46/1980. Til þess að tryggja fyllilega hagsmuni sína vegna hugsanlegrar bótaábyrgðar í starfi, er ljóst að full ástæða er fyrir byggingarstjóra að vera ekki aðeins með hina lögbundnu starfsábyrgðartryggingu, heldur einnig frjálsa ábyrgðartryggingu, því tryggingarverndin takmarkast ekki við almennt fjártjón og tekur m.a. til ábyrgðar váttryggingartaka á líkamstjóni.

8. SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Draga má saman helstu niðurstöður umfjöllunarinnar að framan í eftirtalda 10 tölulíði:

1. Byggingarstjórar hafa að lögum viðtækt stóðuumboð til að gera hvers kyns löggerninga í þarfir verklegra framkvæmda, sem binda eigandann, nema hann takmarki það umboð sérstaklega í samningi sínum við byggingarstjóran.
2. Iðnmeistari, sem tekur að sér byggingarstjórn, tekst á hendur mun meiri ábyrgð en hann bæri ella, þar sem hann ábyrgist um leið verk allra annarra iðnmeistara.
3. Formlegt samningssamband er ekki gildisskilyrði fyrir ábyrgð byggingarstjóra gagnvart eiganda.
4. Byggingarstjórar bera ábyrgð á athöfnum sínum og athafnaleysi. Þeim stóðar því ekki að bera því við til að losna undan ábyrgð, að þeir hafi aðeins verið „skráðir á verk“ en hvergi komið nærri því í raun og veru.
5. Sú skoðun er sett fram, að byggingarstjórar bera ábyrgð á yfirsjónum iðnmeistara, þótt sýnt sé að brot á lögum og reglugerðum hafi farið leynt, en kunna að eiga endurkröfurétt á viðkomandi meistara eða verkataka í tilvikum þar sem engri sök er til að dreifa hjá byggingarstjóra.
6. Ábyrgð byggingarstjóra tekur ekki til galla í efni, sem lagt er til verksins, en á hann getur hins vegar fallið sjálfstæð sakarábyrgð samþykki hann rangt efnisval eða láti óátalda notkun á efni, sem ekki hentar í verkið.
7. Byggingarstjórar bera ekki sjálfstæða ábyrgð á hönnunargöllum en á þá getur hins vegar fallið sjálfstæð sakarábyrgð fylgi þeir athugasemdalaust röngum eða gölluðum hönnunargögnum.
8. Ábyrgð byggingarstjóra getur náð til

alls fjártjóns, en umfang ábyrgðarinnar getur ráðist af því, hvaða réttarheimild er beitt hverju sinni. Ábyrgðin samkvæmt SBL snýr að eiganda mannvirkis og byggingaryfirvöldum, en í henni felst ekki ábyrgð gagnvart þriðju aðilum, t.a.m. á líkamstjóni. Slík ábyrgð getur hins vegar fallið á hann brjóti hann aðrar sérstakar öryggisreglur, sem honum er í öðrum lögum ætlað að framfylgja, svo sem 36. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. Ábyrgð byggingarstjóra kann að lúta ýmist fjögurra eða tíu ára fyrningarfresti eftir því hvort réttarsamband hans gagnvart eiganda byggist á verksamningi (4 ár) eða kaupsamningi eða sé utan samninga (10 ár).

10. Í skilmálum starfsábyrgðartrygginga íslenskra tryggingafélaga vegna byggingarstjóra er líkamstjón undanskilið. Enda þótt það gildissvið kunní að samrýmast umfangi ábyrgðar byggingarstjóra samkvæmt ákvæðum SBL, er engu að síður ljóst, að gildissvið starfsábyrgðartryggingarinnar er þrengra en bótaábyrgð byggingarstjóra getur orðið samkvæmt öðrum lögum. Full ástæða er fyrir byggingarstjóra að hafa frjálsa ábyrgðartryggingu auk hinnar lögbundnu starfsábyrgðartryggingar.

TILVÍSANASKRÁ

Lög, reglugerðir og lögskýringargögn:

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Byggingalög nr. 54/1978

Skípulags- byggingalög nr. 73/1997

Lög um lausafjárkaup nr. 50/2000

Byggingarreglugerð nr. 441/1998

Frumvarp til skípulags- og byggingalaga, lagt var fram á 121. löggjafarþingi 1996-1997, 98. mál – þskj. 101

DÓMAR:

Hæstaréttardómar:

H 1959, bls.105

H 1983, bls. 2174

H 1998, bls. 2155

27. febrúar 2003: Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. gegn Sprinkler pípulögnum ehf. og Agli Ásgrímssyni, mál nr. 214/2002

20. nóvember 2003: Global hf. gegn Smáhúsum ehf., mál nr. 183/2003

Héraðsdómar:

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 27. nóvember 2001 í máli nr. E-178/2000: Björn Jakobsson gegn FosGRAF ehf. o.fl.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 2. maí 2003 í máli nr. E-380/2001: Kristján Egilsson gegn Bílaverkstæðinu Bragganum o.fl.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 5. apríl 2004 í máli nr. E-124/2003: Guðjón Páll Einarsson gegn Særeka ehf., Bjarna Kristínssyni og Ísafjarðarbæ

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 2004 í máli nr. E-13881/2003: Skafti Baldursson gegn Þarfaþingi hf. o.fl.